

3. gr.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Garðahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggðarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Garðahreppi var gert að greiða fyrir landið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

L. S.)

Jóhann Hafstein.

Nr. 67.

28. maí 1969.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 64 26. nóv. 1958, um útflutning hrossa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra og heilbrigð að mati dýralæknis. Útflutningur á stóðhestum tveggja vetra og eldri og tömdum kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ekkert hross má flytja út innan tveggja vetra aldurs, nema ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi samþykki útflutninginn. Útflutningshross skulu merkt bæði framleiðenda- og kynbótamerki. Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum, enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri, og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð, sbr. 8. gr.

3. gr.

Í stað „Atvinnumálaráðherra“ í 3. gr. laganna komi: Landbúnaðarráðherra.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, yfirdýralæknis og Sambands dýraverndarfélaga Íslands,

reglugerð, sem kveður nánar á um framkvæmd laga þessara, að því er varðar útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, útlit, gæðamat og merkingar útflutningshrossa, hömlur við útflutningi til tryggingar kynbótastarfinu, hrossamarkaði og lágmarksverð til framleiðenda (seljenda).

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

28. maí 1969.

Nr. 68.

L Ö G

um loðdýrarækt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi um, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, eða ef dýr eru alin um stundarsakir vegna skinnframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýrabú nefnast búr og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörzlu.

3. gr.

Það er meginstefna þessara laga, að loðdýr verði einungis ræktuð hér á landi í sérstaklega útbúnum og vönduðum loðdýrabúum og einungis verði ræktuð þar valin kyn loðdýra.

4. gr.

Eigi má flytja til landsins loðdýr, nema þau eða foreldrar þeirra hafi hlotið verðlaun á loðdýrasýningu eða þau séu af viðurkenndu góðu kyni.

Hverju innfluttu dýri skal fylgja vottorð dýralæknis í útflutningshöfn um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og aldur þeirra. Vottorð dýralæknis skal vera staðfest af lögreglustjóra á staðnum eða umboðsmanni hans.

Umsagnar yfirdýralæknis skal leitað í hvert sinn, er innflutningsleyfis fyrir loðdýrum er óskað.

5. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýrabúum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum laga þessara.